

Mun aldrei viðurkenna Ísraelsríki

Vill að Palestínumenn fái allt svæðið sem Ísrael þekur

Þórður Ingi Jónsson

09:43 | 9. DESEMBER 2012



Khaled Meshaal á 25 ára afmæli Hamas. REUTERS

Khaled Meshaal, æðsti leiðtogi Hamas-samtakanna, segist aldrei ætla að viðurkenna Ísraelsríki og lofaði að frelsa gervalla Palestínu. „Við munum aldrei viðurkenna lögmæti hersetu Ísraels“, sagði hann í gær á 25 ára afmæli Hamas. Samtökin kölluðu til fjöldasamkomu á Gaza-svæðinu en samkvæmt þeim voru um 500.000 manns viðstaddir.

„Palestína er okkar eign frá ánni til hafsins, frá suðri til norðurs. Við munum ekki eftirláta tommu af landi okkar“, sagði Meshaal, sem vill að Palestínumenn fái allt svæðið sem Ísrael þekur.

Sendinefndir frá Qatar, Malasíu, Tyrklandi, Egyptalandi og Bahrain voru viðstaddir fundinn. Meshaal hyltti Egypta í ræðu sinni og kallaði þá stuðningsmenn sína. Hann gagnrýndi hins vegar al-Assad Sýrlandsforseta. „Hamas styður ekki neina stjórn sem heyjar blóðuga orrustu við þegna sína,“ sagði hann.